



Nefndarsvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,
ritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 141/1067
komudagur 13.12.2012

Reykjavík, 10. desember 2012
EBG/hó

Efni. Frumvarp til laga um opinbera háskóla á 141. löggjafarþingi, þskj. 366 - 319. mál
Tilv. 2012110025

Frumvarpið var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi, dags. 28. nóvember 2012.

Bændasamtökin gerðu athugasemdir við frumvarpið með tölvubréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 25. október 2012. Ráðuneytið tók ekki tillit til athugasemda Bændasamtaka Íslands.

Fjallað var um málið á fundi stjórnar Bændasamtaka Íslands þann 17. október sl. Þar var samþykkt samhljóða að mótmæla fyrirbyggjandi drögum að frumvarpi til laga um háskóla. Bændasamtökin gera einkum svofelldar athugasemdir við frumvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði umtalsverð breyting á grunni Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum.

1. Gert er ráð fyrir að lög um búnaðarfræðslu nr. 57/1999 falli brott. Ekki er gert ráð fyrir neinu formlegu utanumhaldi um búfræði og garðyrkjunám. Ráðherra er veitt heimild til Landbúnaðarháskóla Íslands gera samning um nám á framhaldsskólastigi. Ákvæðið fer gegn ályktun búnaðarþings 2011. Þar er m.a. skorað á mennta- og menningarmálaráðherra að tryggja að starfsmenntanám verði eitt af lykilverkefnum skólans.
2. Í III. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir að fella á brott Rannsóknarsvið LbhÍ en rannsóknarsvið var ein af stefnuáherslum Bændasamtaka Íslands við sameiningu skólans árið 2005, til að tryggja áframhaldandi starf RALA, ef svo mætti orða. Sviðið hefur undanfarin ár ekki verið sýnilega virkt innan LbhÍ, þar sem skólinn starfar í raun eftir annari sviðaskiptingu, en hugsunin var á sínum tíma. Brottfall ákvæðisins gerir hins vegar atvinnugreininni erfiðara að hafa aðhald á skólann á sviði rannsókna. Það er hins vegar megin sjónarmið stjórnenda LbhÍ að ekki megi veita slíkt aðhald til akademískrar stofnunar. Jafnframt er lagt til að samningur sá sem atvinnuvega-

og nýsköpunarráðuneytið hefur gert við skólann um fjárveitingar falli niður og fjárframlagið sameinað fjárveitingu á grundvelli samnings ráðherra menntamála. Þessar breytingar útiloka nánast aðkomu atvinnuvegarins að mótun starfs innan skólans.

Bændasamtökin telja að með frumvarpinu sé búnaðar- og garðyrkjunám í landinu sett í uppnám en það samræmist alls ekki stefnu Bændasamtakanna. Ganga verður með miklu betri hætti frá lagalegu fyrirkomulagi starfsmenntamála. Með brottfalli samnings um rannsóknir við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er endanlega klippt á formleg tengsl atvinnuvegarins við skólana. Fyrir hagsmuni bænda er verið að rjúfa megin styrkleika í samstarfi skólans og landbúnaðarins, þ.e. samstarf um áherslur í landbúnaðarrannsóknum. Þá eru afnumin tengsl í gegnum háskólaráð. Eftir breytingarnar er ekkert nema sagan sem tengir háskólana á Hólum og Hvanneyri við landbúnað.

Það er mat Bændasamtakanna að finna þurfi formlegan vettvang í nýjum lögum um tengingar landbúnaðar við háskólana. Það skal þó bent á að í frumvarpinu er líka að finna jákvæða hluti eins og samstarf í gegnum háskólanetið, samræmt námsmat og fleira.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson